

Stjórnartíðindi

2004 - B-deild - B48-50

Útgáfa 1.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prentteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

Stjórnartíðindi

B 48-50

Nr. 321-343

2004

Efnisyfirlit B 48–50 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
321	23. mars	Reglur um eftirlaunasjóð maka flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustu Íslands	821-822
322	7. apríl	Auglýsing um deiliskipulag á Reykjanesi	823
323	18. mars	Gjaldskrá fyrir sérstakt búfjárefirlit í Grýtubakkahreppi	823
324	18. mars	Auglýsing um breytingu á fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Barðastrandarsýslu, nr. 301/1992	824
325	14. apríl	Auglýsing um breytingar á skipulagi í Garðabæ vegna grunnskóla við Arnarnesvog	825
326	25. mars	Reglugerð um hafnamál	826-838
327	31. mars	Gjaldskrá fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi Norður-Héraði	838-840
328	1. apríl	Auglýsing um deiliskipulag á Austur-Héraði	840
329	6. apríl	Reglugerð um löggildingu raforkumæla	841-844
330	2. apríl	Auglýsing um útvarpsgjald	844
331	2. feb.	Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vestur-landssvæðis	845-848
332	6. apríl	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkis-ins, nr. 559 5. júlí 2001, með áorðnum breytingum	848
333	30. mars	Gjaldskrá fyrir hundahald á Akranesi	849
334	7. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum	849
335	30. mars	Gjaldskrá fyrir stofngjald fráveitu og fráveitugjald í Borgarfjarðarsveit	850
336	2. apríl	Auglýsing um deiliskipulag í Hraungerðishreppi	851
337	26. mars	Gjaldskrá fyrir almenna sorphirðu og förgun úrgangs frá fyrirtækjum í Hörgárbyggð	851
338	2. apríl	Samþykkt varðandi umgengni um lóðir og lendur í Kjósarhreppi	852
339	30. mars	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkis-ins, nr. 559/2001, með áorðnum breytingum	853
340	5. apríl	Auglýsing um takmörkun á innflutningi á sterkum chilépipar og afurðum úr honum	854-855
341	15. apríl	Auglýsing um deiliskipulagsbreytingu á Sauðárkróki	855
342	7. apríl	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi	855-858
343	6. apríl	Reglugerð um viðarumbúðir vara við útflutning	858-860

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 2004

23. mars 2004

821

Nr. 321

REGLUR

um eftirlaunasjóð maka flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustu Íslands.

1. gr.

Fyrirkomulag eftirlaunasjóðsins.

Mökum flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustu Íslands skal greitt framlag í eftirlaunasjóð á sérstakan fjárvörslureikning hjá banka á meðan starfsmaður er við störf á vegum utanríkisþjónustunnar erlendis, þó ekki lengur en til 70 ára aldurs maka. Greiðslurnar skulu greiddar til þess banka sem ráðuneytið hefur samning við á hverjum tíma.

Rök fyrir greiðslum samkvæmt 1. mgr. eru að vegna tíðra breytinga á búsetu er almennt ekki um það að ræða að makar geti stundað atvinnu eða komið sér upp lífeyrisréttindum þegar þeir fylgja mökum sínum, flutningsskyldum starfsmönnum utanríkisþjónustunnar, til starfa erlendis fyrir íslenska ríkið. Þá hafa einnig verið gerðar breytingar á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, LSR, sem skerða rétt eftirlifandi maka til lífeyrisréttinda umtalsvert.

2. gr.

Aðild.

Allir makar flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustunnar sem eru við störf hjá íslenskum sendiskrifstofum erlendis eiga rétt á greiðslum í eftirlaunasjóð. Aðeins er þó greitt í sjóðinn fyrir þann tíma er maki sjóðfélaga er við störf erlendis og fær greiddar makabætur samkvæmt ákvæðum fyrirmæla- og leiðbeiningabókar utanríkisþjónustunnar.

Makar teljast allir þeir sem eru í hjónabandi með flutningsskyldum starfsmönnum, í staðfestri samvist eða hafa verið skráðir í sambúð samfleytt í a.m.k. eitt ár hjá Hagstofu Íslands samkvæmt nánari reglum í fyrirmæla- og leiðbeiningabók utanríkisþjónustunnar á hverjum tíma.

Komi til þess að makabætur starfsmanns séu skertar eða felldar niður vegna launaðra starfa maka eða af öðrum ástæðum, skerðast greiðslur í sjóðinn í samræmi við það.

Áður en greiðslur hefjast til maka starfsmanns sbr. 1. gr. er gerður samningur um aðild að sjóðnum.

3. gr.

Inngreiðslur, ávöxtun.

Utanríkisráðuneytið skal í desember ár hvert greiða framlag á innlánsreikning á nafni maka hjá banka vegna liðins árs. Fjárhæðin skal vera 11,5% af meðalgrunnlaunum félags-

manna í Félagi starfsmanna stjórnarráðsins og Félagi háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins fyrir hvern mánuð sem maki á rétt á framlaginu skv. ákvæðum 1. mgr. 2. gr.

Meðaltal launa samkvæmt 1. mgr. skal byggt á launum fyrstu sex mánaða þess árs sem greitt er fyrir. Maki sem nýtur greiðslna skv. þessum reglum greiðir ekki mótframlag í sjóðinn. Hafi starfsmaður fengið makabætur hluta úr ári skal greiðslan vera hlutfallsleg miðað við mánuði sem starfsmaður fékk greiddar makabætur.

Eftirlaunasjóðinn skal ávaxta af banka með hæstu fánlegu vöxtum miðað við lágmarksáhættu. Sjóðurinn er eign sjóðfélagans, maka starfsmanns í utanríkisþjónustunni, og skal skráður á hans nafn.

Fyrstu greiðslur skv. 1. mgr. koma til framkvæmda í apríl 2004, vegna ársins 2003.

4. gr.

Greiðslur úr eftirlaunasjóði.

Greiðslur úr sjóðnum skulu hefjast þegar maki sjóðfélaga lætur af störfum, andast eða við skilnað, en þó aldrei fyrr en við 60 ára aldur sjóðfélagans og eigi síðar en við 70 ára aldur sjóðfélagans. Greiðslur úr sjóðnum skulu vera árlegar í að minnsta kosti sjö ár og skal aldrei greiða meira úr sjóðnum á einu ári en nemur 1/7 af höfuðstólnum við upphaf greiðslutímabilsins, auk vaxta á greiðslutímabilinu. Sjóðfélaga er þó heimilt að dreifa greiðslunum á lengra tímabil.

Ef sjóðfélagi sem á inneign í sjóðnum andast, erfist inneignin samkvæmt erfðalögum án sérstakra kvaða. Má þá greiða út höfuðstólinn ásamt áföllnum vöxtum.

Sjóðfélaga er óheimilt að flytja féð til annarrar bankastofnunar að eigin frumkvæði.

5. gr.

Skattaleg meðferð.

Greiðslur í eftirlaunasjóðinn eru staðgreiðsluskyldar við innborgun, sbr. 1. tölul. 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Utanríkisráðuneytið sér um innheimtu þeirra gjalda.

6. gr.

Almenn ákvæði.

Banki sem annast vörslu innlánsreikninganna á hverjum tíma samkvæmt samningi við utanríkisráðuneytið hefur umsjón með greiðslum úr honum samkvæmt þessum reglum.

Utanríkisráðuneytið sker úr um vafaatriði og ágreiningsmál sem upp kunna að koma við framkvæmd reglna þessara.

Utanríkisráðuneytinu, 23. mars 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Reykjanesi.

Tillaga að deiliskipulagi á Reykjanesi var samþykkt þann 15. janúar 2004 í bæjarstjórn Grindavíkur og þann 16. janúar 2004 í bæjarráði Reykjanesbæjar.

Skipulagið tekur til iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 7. apríl 2004.

Grindavík, 7. apríl 2004.

Viðar Már Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri umhverfis- og
skipulagssviðs Reykjanesbæjar.

Benedikt Ingi Sigurðsson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Grindavíkur.

18. mars 2004

Nr. 323

GJALDSKRÁ

fyrir sérstakt búfjárefirlit í Grýtubakkahreppi.

1. gr.

Gjald fyrir sérstaka haustskoðun sbr. 11. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal miðast við tímaeiningu. Gjald á tímaeiningu, sem er ein klst. skal vera kr. 5.000.

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002, um búfjárefirlit o.fl., skal vera kr. 5.000 pr. klst.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanns sbr. 1. og 2. gr., skal greiddur af hlutaðeigandi umráðamanni búfjár. Kostnaður pr. ekinn km miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárefirlit o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. mars 2004.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á fjallskilasamþykkt
fyrir Austur-Barðastrandarsýslu, nr. 301/1992.**

1. gr.

Í fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Barðastrandarsýslu, IV. kafla, breytist 10. gr., um réttarhöld og meðferð óskilafjár og verður svohljóðandi: Skilaréttir í hreppnum skulu vera á þeim stöðum sem hér segir; Króksfjarðarnesi, Kinnastöðum og Múla í Kollafirði.

2. gr.

Breyting þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 18. mars 2004.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 2004

14. apríl 2004

825

Nr. 325

AUGLÝSING

um breytingar á skipulagi í Garðabæ vegna grunnskóla við Arnarnesvog.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingar á deiliskipulagi Ása og Grunda og Sjálands vegna lóðar fyrir grunnskóla við Arnarnesvog.

Í tillögunni felst m.a. að mörkuð er lóð fyrir skóla- og íþróttahús beggja vegna Hraunsholtslækjar frá sjó að Vífilsstaðavegi. Gert er ráð fyrir nýju hringtorgi við Vífilsstaðaveg með aðkomu að skólalóð og húsum við Ránargrund norðan Vífilsstaðavegar og breyttri aðkomu að íbúðasvæði á Ásum og Grundum sunnan Vífilsstaðavegar. Í tillögunni felst einnig að afmörkun deiliskipulags Sjálands breytist þar sem fyrirhuguð lóð fyrir verslun og/eða stofnun verður hluti af lóð skólans.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð í samræmi við 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagsáætlunin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 14. apríl 2004.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 2004

Nr. 326

826

25. mars 2004

REGLUGERÐ

um hafnamál.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til hafna sem falla undir 1. gr. hafnalaga, nr. 61/2003.

2. gr.

Yfirstjórn.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn hafnamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum. Siglingastofnun Íslands annast þátt ríkisins samkvæmt hafnalögum og hefur eftirlit með framkvæmd þeirra.

3. gr.

Orðskýringar.

Með hafnarstjórn í reglugerð þessari er átt við sveitarstjórn, hafnarstjórn eða stjórn hlutafélags, eftir því sem við á, sbr. 8. gr. hafnalaga.

II. KAFLI

Almennar kröfur til allra hafna.

4. gr.

Skipulag.

Um skipulag hafnarsvæða fer eftir ákvæðum 5. gr. hafnalaga, nr. 61/2003 og ákvæðum skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

5. gr.

Frumrannsóknir.

Siglingastofnun Íslands skal hafa umsjón með frumrannsóknnum, sem kostaðar eru að fullu af ríkissjóði. Með frumrannsóknnum er m.a. átt við gerð grunnkorta af hafnarsvæðum, dýptarmælingar, jarðvegsathuganir, straumfræðirannsóknir, undirstöðurannsóknir á sjólagi og strandbreytingum, líkantilraunir og hagkvæmniathuganir. Þegar rannsóknir eru komnar á það stig að unnt er að taka ákvörðun um staðsetningu mannvirkis, gerð og byggingarefni telst frumrannsóknnum lokið. Rannsóknir á útboðsstigi teljast ekki til frumrannsókna.

Beiðni um frumrannsóknir skal koma frá viðkomandi hafnarstjórn og við framkvæmd rannsókna skal hafa náið samstarf og samráð við hana. Samgönguráðuneyti eða Siglingastofnun Íslands geta einnig haft framkvæði að frumrannsóknnum, sé það talinn nauðsynlegur þáttur vegna undirbúnings samgönguáætlunar.

Siglingastofnun Íslands annast frumrannsóknir ýmist sjálf með eigin mannafla eða kaupir þjónustu af ráðgjafarfyrirtækjum.

6. gr.

Byggingareftirlit.

Við hönnun hafnarmannvirkja skulu hafnarreglugerð og íslenskir staðlar, þ.m.t. evrópskir staðlar, vera leiðbeinandi. Á þeim sviðum sem íslenskir staðlar taka ekki til skulu ákvæði norrænna staðla og ISO-staðlar vera leiðbeinandi. Samhæfðir evrópskir staðlar og evrópsk tæknisamþykki hafa einnig gildi hér á landi. Áður en hafnarframkvæmdir hefjast skulu hafnirnar leggja fyrir Siglingastofnun uppdrætti til samþykktar. Slíkir uppdrættir mega vera rafrænir.

Alla endanlega uppdrætti skal gera á haldgóðan pappír. Þeir skulu vera skýrir og þannig frá þeim gengið að þeir máist ekki við geymslu. Við gerð allra uppdrátta skal nota þau tákni sem gildandi og leiðbeinandi staðlar gera ráð fyrir. Siglingastofnun ákveður stærðir og mælikvarða uppdrátta.

Aðal- og séruppdrættir skulu gerðir af hönnuðum sem fengið hafa löggildingu skv. gildandi byggingarreglugerð. Sé um sérstök eða vandasöm burðarvirki að ræða getur Siglingastofnun Íslands krafist þess að löggiltur burðarvirkishönnuður fari yfir og samþykki útreikninga og burðarvirkisuppdrætti á kostnað hönnuðar.

III. KAFLI

Mat á hafnapörfum og skilyrði fyrir ríkisstyrk.

7. gr.

Tillögur hafnarstjórna og sveitarstjórna.

Um allar meiri háttar framkvæmdir skulu hafnarstjórnir og sveitarstjórnir koma á framfæri óskum sínum við Siglingastofnun Íslands að jafnaði tveimur árum áður en áætlað er að framkvæmdir hefjist. Skal þessum óskum fylgja rökstuðningur fyrir hverri einstakri framkvæmd og viðskiptaáætlun þeirra, þar sem fram skal koma fjármögnunar- og greiðsluáætlun, áætlun greiðsluþátttaka ríkissjóðs, hafnarsjóðs og annarra ef við á. Þá skulu liggja fyrir upplýsingar um skip og báta sem hafa þar heimahöfn, skýrslur um notkun hafnarinnar, umferð, afla og vörumagn, svo og nýtingu viðlegumannvirkja.

Sé um minni háttar framkvæmdir að ræða, að mati Siglingastofnunar Íslands, má víkja frá ofangreindum ákvæðum um tímafrest.

8. gr.

Fjárhagsleg staða hafnar og skilyrði ríkisstyrks.

Mat á fjárhagslegri stöðu hafnar felst í eftirfarandi:

1. *Tölulegar upplýsingar.*

Höfn sem nýtur ríkistyrks ber að senda til Siglingastofnunar endurskoðaða ársreikninga. Í reikningunum skal greint með skýrum hætti milli tekna og gjalda af hreinni hafnarstarfsemi og annarri starfsemi svo sem lóða og eignaleigu. Reikningarnir eru grundvöllur tölulegra upplýsinga um viðkomandi höfn og til samanburðar við aðrar hafnir.

2. *Rekstrarform.*

Siglingastofnun ber að fylgjast með rekstrarafkomu og rekstrarformi hafnarsjóða og krefjast breytinga á rekstrarformi hafnar ef tap er af rekstri viðkomandi hafnarsjóðs þrjú ár í röð. Nánar tiltekið af rekstri án afskrifta en með fjármagnsliðum.

3. *Skilyrði ríkistyrks til hafnarframkvæmda.*

Að viðkomandi hafnarsjóður fullnýti gjaldskrárstofna sína og rekstrargjöld hans og lánaþyrði sé innan eðlilegra marka. Skal gjaldskrá hafnarinnar borin saman við gjaldskrár östyrktra hafna og áhrif langtímasamninga við notendur metin. Ef í ljós kemur að tekjur hafn-

arinnar eru hlutfallslega minni en hjá samanburðarhöfnunum eða raska samkeppnisstöðu við aðrar hafnir eru skilyrði ríkistyrks ekki uppfyllt.

4. *Staðfest fjármögnun.*

Hafnir sem njóta ríkistyrkja og hyggjast fara í framkvæmdir skulu leggja fram staðfestingu á fjárhagslegum styrk sínum til framkvæmdanna frá viðskiptabanka sínum eða sveitarfélagi.

5. *Viðskiptaáætlun.*

Höfn sem sendir beiðni um styrk vegna nýrra framkvæmda skal leggja fram viðskiptaáætlun fyrir viðkomandi verk sem samanstendur af eftirfarandi: Rekstraráætlun, efnahagsreikningi og fjárstreymi til 5 ára, ásamt lánveitanda og vaxtakjörum. Komi í ljós að efnahagur sé ekki nægilega sterkur ber Siglingastofnun að leggja til að eigandi hafnarinnar leggi henni til nýtt eigið fé.

9. gr.

Mat á hafnaþörf.

Siglingastofnun Íslands skal vinna að gerð samgönguáætlunar, að því er hafnaframkvæmdir varðar, í samræmi við lög og reglur þar um. Við gerð þess hluta samgönguáætlunar sem varðar hafnir skal taka mið af hafnaþörfum, fjárhagslegri stöðu hafnarsjóða, tæknilegum rannsóknnum á hafnarstæðum og skipulagi.

Siglingastofnun Íslands skal vinna mat á hafnaþörfum, sem hefur það að markmiði, að hægt verði að meta óskir um framkvæmdir í höfnum landsins með sambærilegum mælikvarða.

Mat hafnaþarfa felst m.a. í eftirfarandi:

1. **Flokkun.** Fiskihafnir eru flokkaðar eftir stærð og umsvifum. Við flokkun er tekið mið af aflamagni, aflaverðmæti, heimaflota (BT), ársverkum í fiskveiðum og vinnslu, íbúafjölda og hafnaraðstæðum. Flokkun er endurskoðuð í tengslum við gerð fjögurra ára samgönguáætlunar.
2. **Staðalkröfur.** Skilgreindar eru staðalkröfur sem hafnir í hverjum flokki þurfa að uppfylla.
3. **Parfagreining.** Með reglulegu millibili (2-4 ár) er gerð könnun á hverri höfn þar sem m.a. er metið álag í viðlegu og löndun, ástand mannvirkja og þarfir m.t.t. staðalkrafna.
4. **Forgangsroðun.** Hverri framkvæmd eru gefin stig fyrir umsvifapátt og hafnabótapátt. Í umsvifapætti er lagt mat á þýðingu viðkomandi framkvæmdar fyrir byggðarlagið og landið í heild. Í hafnabótapætti er lagt mat á hafnarbætur sem framkvæmd skilar. Framkvæmdum er forgangsraðað eftir heildareinkunn sem fæst með að margfalda saman umsvifa- og hafnabótapátt.

10. gr.

Tillögur Siglingastofnunar Íslands að samgönguáætlun.

Á grundvelli óska hafnarstjórna, mats á hafnaþörfum, fjárhagslegri stöðu hafnarsjóða og tæknilegra forsendna skal Siglingastofnun Íslands gera tillögu að samgönguáætlun að því er hafnarframkvæmdir varðar. Þeir þættir tillögunnar, er lúta að einstökum höfnum, skulu sendir viðkomandi hafnarstjórn til athugunar og umsagnar. Hafnaráð skal fá tillögunar í heild til umsagnar og fá fjórar vikur til að skila umsögn sinni og athugasemdum til Siglingastofnunar Íslands.

Breytingar á gildandi fjögurra ára samgönguáætlun, sem fela í sér ný verkefni eru háðar samþykki Alþingis. Siglingastofnun Íslands, að fenginni umsögn hafnaráðs, getur heimilað færslu framlaga milli verkefna eða flýtt einstökum verkefnum skv. fjögurra ára samgöngu-

áætlun í einstökum höfnum og á milli hafna innan ramma fjárlaga hvers árs og með samþykki viðkomandi hafna. Siglingastofnun er heimilt, að fenginni umsögn hafnaráðs, að ráðstafa af óskiptum lið til minni háttar nýrra verkefna þegar þátttaka ríkissjóðs er undir 3 m.kr.

Kostnaður við mat á hafnaþörfum og gerð samgönguáætlunar skal greiddur úr ríkissjóði á sama hátt og frumrannsóknir.

IV. KAFLI

Ríkisstyrktar framkvæmdir í höfnum.

11. gr.

Styrkhæfar hafnarframkvæmdir.

Hafnir sem reknar eru skv. 1. og 2. tölul. 8. gr. hafnalaga nr. 61/2003 geta notið framlags úr ríkissjóði til eftirtalinna framkvæmda eins og fjallað er um í 24. gr. laganna:

1. Kostnaður við endurbyggingu, endurbætur og lagfæringu á varnarmannvirkjum er styrkhæfur í höfnum sem falla undir a-, b- og c-staflíð 24. gr. hafnalaga. Nýbygging varnarmannvirkja er styrkhæf í höfnum sem falla undir b-staflíð 24. gr. hafnalaga. Styrkhæfni takmarkast við eftirfarandi skjólgarða:

- a) *Skjólgarðar* til að uppfylla lágmarkskröfur um kyrrð innan hafna og/eða til að skapa sjófarendum öryggi og skjól fyrir öldu og straumum í innsiglingum. Að öllu jöfnu er hér átt við skjólgarða hafna en í einstaka tilvikum geta fallið undir þetta grjótfjár innan hafna sem sérstaklega eru gerðir til að draga úr frákasti öldu (öldudempandi fláar). Grjótfjár sem gerðir eru til að verja uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæðum eru ekki styrkhæfir.
- b) *Garðar til varnar sandburði*. Grjótgardar sem hafa þann tilgang að draga úr efnisburði inn í hafnir eða inn á siglingaleið (sandfangar).

2. Dýpkun á innsiglingaleiðum þar sem þörf er viðhaldsdýpkunar að jafnaði oftar en á fimm ára fresti er styrkhæf í höfnum sem falla undir a-, b- og c-staflíð 24. gr. Viðhaldsdýpkunin takmarkast við þau svæði innsiglingar þar sem sandburðarvandamál eru og miðast við að viðhalda því dýpi sem dýpað hefur verið í fyrir gildistöku laganna. Stofndýpkun í höfnum til að skapa nauðsynlegt svigrúm fyrir umferð um hafnir er styrkhæf í höfnum sem falla undir b- og c-staflíð 24. gr. hafnalaga. Umfang stofndýpkunar (stærð svæðis og dýpi) miðast við staðalkröfur sem eru í gildi fyrir stærðarflokk viðkomandi hafnar.

3. Bryggjur og önnur mannvirki til viðlegu fyrir fljótandi för geta notið ríkisstyrks í höfnum sem falla undir b- og c-staflíð 24. gr. ef mat Siglingastofnunar á hafnaþörfum leiðir í ljós að þörf er á viðlegu og/eða löndunarrými. Styrkhæfni nær yfir nýbyggingar eða endurbyggingar á eldri mannvirkjum að loknum eðlilegum líftíma og takmarkast við eftirfarandi þætti:

- a) *Uppfyllingar* sem teljast nauðsynlegur hluti viðkomandi viðlegumannvirkja. Breidd slíkra uppfyllinga takmarkast af því svæði sem þarf til að koma fyrir burðarvirkjum viðlegumannvirkisins eða því svæði sem þarf til umferðar um bryggjuna og lestunar og losunar skipa. Þar sem dýpi við bryggju er minna en 8 metrar skal miða við að mörk bryggju eða viðlegumannvirkis annars vegar og upplands hafnar hins vegar sé í allt að 20 metra fjarlægð frá bryggjukanti. Þar sem dýpi við bryggju er 8 metrar eða meira skal miða við að mörkin séu allt að 30 metrum frá bryggjukanti. Lengd uppfyllinga samsíða bryggjukanti takmarkast við lengd viðlegumannvirkis að viðbættu því sem þarf til að ganga frá nauðsynlegri grjótvörn við enda, þó að hámarki 20 metrar út frá hvorum enda. Uppfyllingar eða grjótvörnir á hafnarsvæðum utan við framangreindar markalínur viðlegumannvirkja geta ekki notið ríkisstyrks.

- b) *Jarðvegsskipti* sem nauðsynlegt er að framkvæma innan markalína viðlegumannvirkja t.d. efnisskiptaskurður fyrir stálþil.
- c) *Rif á eldra mannvirki* sem lendir innan markalína viðlegumannvirkis sem verið er að byggja.
- d) *Dreifikerfi vatns og rafmagns* um viðlegumannvirki vegna þjónustu við skip ásamt búnaði til að lýsa upp sömu mannvirki. Tengigjöld rafmagns og töflubúnaður vegna framangreindrar notkunar er styrkhæfur, en búnaður á landsvæði hafnar, sem notaður er til sölu á rafmagni til annarra aðila en skipa er ekki styrkhæfur. Dreifikerfi vatns er eingöngu styrkhæft innan marka viðlegumannvirkis en ekki lagning heimæða eða heimæðagjöld.
- e) *Bryggjuþekja*, þ.e. frágangur yfirborðs með varanlegu slitlagi. Stærð flatar miðast við lengd viðlegumannvirkis samsíða bryggjukanti og allt að 20 m breidd ef dýpi við kant er minna en 8 m og allt að 30 m breidd ef dýpið er 8 m eða meira.
- f) *Annar búnaður* viðlegumannvirkja sem getur notið ríkisstyrks eru þybbur á framhlið og öryggisbúnaður vegna slysavarna sem talinn er í V. kafla reglugerðar þessarar.

4. Stofnkostnaður við siglingamerki ásamt raflögnum að þeim og leiðsögubúnað til að sigla inn á hafnir getur notið framlags úr ríkissjóði hjá höfnum sem falla undir b-staflíð 24. gr. hafnalaga. Til slíks búnaðar teljast m.a. vitar og önnur föst merki á landi, fljótandi leiðarmerki og tæki sem geta gefið upplýsingar um veður og sjólag í og við hafnir.

5. Hafnsögubátar geta notið ríkisstyrks á stöðum þar sem aðstæður í höfnum og nágrenni hennar kallar á slíkt öryggistæki. Siglingastofnun skal leggja mat á þörf í slíkum tilvikum og taka m.a. mið af stærð skipa sem fara um viðkomandi höfn og aðstæðum í innsiglingu.

12. gr.

Viðhald hafnarmannvirkja.

Til viðhalds hafnarmannvirkja teljast almennar viðgerðir og venjulegt viðhald allra slitflata og búnaðar hafnarmannvirkja, er láta á sjá vegna notkunar eða skorts á fyrirbyggjandi viðhaldi. Hér er t.d. átt við endurnýjun þybba, þekja, slitlaga og lagna og endurnýjun einstakra hluta í upptökumannvirkjum. Kostnaður við slíkt viðhald er ekki styrkhæfur.

Komi upp ágreiningur milli Siglingastofnunar Íslands og hafnarstjórnar um hvort í einstökum tilvikum sé um að ræða eðlilegt viðhald eða styrkhæfa endurbyggingu skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar.

V. KAFLI

Eftirlit með ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum.

13. gr.

Hönnun.

Pegar samgönguáætlun hefur verið samþykkt er viðkomandi hafnarstjórn heimilt að fullhanna mannvirkin, sem þar eru metin styrkhæf. Hönnunarkostnaður færist á byggingarreikning viðkomandi mannvirkis.

Áætlanir, uppdrættir og samningar um hönnun og ráðgjöf skulu sendir Siglingastofnun Íslands til samþykktar og skal stofnunin afgreiða erindin eins fljótt og mögulegt er. Stofnunin skal hafa eftirlit með að forsendur framkvæmda séu innan marka samgönguáætlunar.

14. gr.

Framkvæmdir.

Hafnarframkvæmdir eru á ábyrgð eiganda hafnar. Hafnarframkvæmdir, er njóta ríkisstyrks, skulu unnar undir tækni- og fjárhagslegu eftirliti Siglingastofnunar Íslands sem fylgist með að framkvæmdir séu í samræmi við samþykktar áætlanir. Kostnaður við tækni- og fjárhagslegt eftirlit og yfirumsjón skal að jafnaði færður á byggingarreikning viðkomandi mannvirkis. Skilyrði fyrir greiðslu úr ríkissjóði er að framkvæmdir séu í samræmi við gildandi samgönguáætlun.

Útboð vegna verklegra framkvæmda, samningar og efniskaup skulu háð samþykki Siglingastofnunar Íslands og skulu gögn þar að lútandi send stofnuninni til staðfestingar áður en til skuldbindinga kemur. Ef ekki er farið eftir settum reglum um útboð, samninga eða efniskaup vegna verklegra framkvæmda getur Siglingastofnun ákveðið að ríkisstyrkur falli niður. Meginreglan í samningum við verktaka skal vera verksamningur gerður í framhaldi af útboði. Hagkvæmasta tilboði með tilliti til verðs og gæða skal að jafnaði tekið. Við mat á tilboðum skal þó jafnframt tekið tillit til reynslu verktakans, hæfni hans og möguleika til að skila góðu verki á réttum tíma. Sé hagstæðasta tilboð ekki jafnframt það lægsta ber hafnarstjórn að senda bjóðendum, sem áttu lægri tilboð en það sem var tekið, greinargerð með rökstuðningi um valið.

Fylgja skal lögum og reglum ríkisins um opinber innkaup og skipan opinberra framkvæmda. Hafnarstjórn annast reikningshald og greiðslur vegna framkvæmda og uppgjör verka á því formi sem Siglingastofnun Íslands og Hafnasamband sveitarfélaga koma sér saman um.

Daglegt eftirlit með framkvæmdum skal annaðhvort vera í höndum Siglingastofnunar Íslands eða eftirlitsmanna sem stofnunin hefur samþykkt. Skila skal skýrslum og verkfundargerðum til Siglingastofnunar Íslands mánaðarlega eða oftar ef þurfa þykir.

Á meðan á verki stendur skal fylgjast reglulega með áföllnum kostnaði. Verði á framkvæmdatímanum ljóst, að kostnaður fari verulega fram úr áætlun, skal hafnarstjórn gera ráðstafanir til frekari fjáröflunar. Verði sökum fjárskorts að hætta verki fyrr en því er lokið, skal miða frágang við, að framkvæmdin nýtist sem best og mannvirkið liggi ekki undir skemmdum þar til hægt verður að halda framkvæmdum áfram.

15. gr.

Skýrslur.

Eigi síðar en í apríl ár hvert skal Siglingastofnun hafa lokið uppgjóri framkvæmda á næstliðnu ári, þar sem m.a. komi fram staða fjárveitinga og heimahluta. Uppgjör þetta skal lagt fyrir hafnaráð til kynningar. Uppgjör þetta skal síðan sent ráðherra sem efni í skýrslu hans um framkvæmd samgönguáætlunar næstliðið ár, sem ráðherra leggur fram á Alþingi árlega fyrir lok vorþings.

VI. KAFLI

Slysavarnir í höfnum.

16. gr.

Öryggisbúnaður.

Með slysavörnum er hér átt við öryggisbúnað sem miðar að því að koma í veg fyrir slys og nota má til bjargar þeim sem fyrir óhöppum verða. Til öryggisbúnaðar teljast t.d. lausir og fastir stigar, bjarghringir, krókstjakar, björgunarnet, ljós á hafnarbökkum, girðingar og hlið, símar o.fl.

17. gr.

Hönnun hafna og öryggi.

Við hönnun og endurbætur hafnarmannvirkja skal gert ráð fyrir uppsetningu öryggisbúnaðar og mannvirki þannig hönnuð að þeim sem um hafnir fara sé sem minnst slysaætta búin.

Siglingastofnun Íslands ákveður hvort nægjanlegt tillit sé tekið til ofangreindra atriða við hönnun hafnarmannvirkja og hvað teljist fullnægjandi öryggisbúnaður á hverjum stað.

Reglur um slysavarnir samkvæmt reglugerð þessari skulu settar í samráði við Slysavarnarfélagið Landsbjörgu og Vinnueftirlit ríkisins.

18. gr.

Styrkhæfur öryggisbúnaður.

Stofnkostnaður við slysavarnir sem tengjast hafnarmannvirkjum sem njóta ríkisstyrks er styrkhæfur. Siglingastofnun Íslands ákveður hvað teljast styrkhæfar slysavarnir á hverjum stað.

19. gr.

Viðhald og eftirlit með öryggisbúnaði.

Hafnarstjórnir skulu sjá til þess að öryggisbúnaði í höfnum sé ætíð vel við haldið og hann nothæfur.

Eftir að öryggisbúnaði hefur verið komið upp hefur Siglingastofnun Íslands á hendi eftirlit með honum.

20. gr.

Umferð á hafnarsvæðum.

Hafnarstjórnnum er heimilt í öryggisskyni að loka hafnarsvæðum fyrir allri óviðkomandi umferð.

Hafnarstjórnir skulu, eftir því sem við á, leita eftir samstarfi við viðkomandi lögreglu-yfirvöld um eftirlit með umferð á hafnarsvæðum.

21. gr.

Áætlanir.

Siglingastofnun Íslands skal aðstoða hafnarstjórnir við að gera áætlanir um slysavarnir í viðkomandi höfnum.

22. gr.

Hönnun.

Við hönnun og endurbætur hafnarmannvirkja skal gert ráð fyrir uppsetningu öryggisbúnaðar og að mannvirki séu almennt þannig hönnuð, að þeim sem um hafnir fara sé sem minnst hætta búin og skal við ákvörðunina gætt að lágmarki ákvæða reglna þessara.

23. gr.

Stigar.

Allar bryggjur skulu búnar vel færum stigum. Þeir skulu ná 1,5 m niður fyrir stórstraumsfjöruborð, vera með auðveldri uppgöngu yfir bryggjukant og málaðir með rauðgulri málningu. Nægjanlegt er þó að mála innbak á þilplötu innan við stigan í fyrrnefndum lit 2 – 3 m niður frá kanti. Ljós skal vera efst í hverjum stiga, nema á flotbryggjum. Lýsingu á bryggjum skal hagað þannig að stigarnir sjáist greinilega. Á flotbryggjum skulu stigarnir ná 1,0 m niður fyrir sjávarborð.

Bil milli stiga á nýjum bryggjum skal að jafnaði vera 15 m. Stigana skal staðsetja eins og heppilegast er talið með tilliti til öryggis. Á flotbryggjum skal ávallt vera einn stigi á þeim enda flotbryggju sem er fjær landi. Bil milli stiga skal vera að jafnað 15 m á hvorri hlið flotbryggju, eftir aðstæðum.

24. gr.

Bjarghringir o.fl.

Á hverju aðskildu hafnarsvæði, en þá er átt við að fjarlægð til næstu viðlegu sé meiri en 200 m mælt eftir eðlilegri gönguleið, skulu vera a.m.k. tveir bjarghringir, tveir krókstjakar a.m.k. 6 m langir og tvö björgunarnet/björgunarlykkja. Stjakarnir skulu málaðir rauðgulri endurskinsmálningu.

Björgunartæki þessi skulu geymd á greinilega merktum, aðgengilegum og upplýstum stöðum.

25. gr.

Lýsing.

Á hafnarsvæðum skal lýsingu þannig háttað að vinnu- og umferðaröryggi sé í hámarki. Lýsing á virkum vinnusvæðum t.d. þar sem lestun og losun fer fram skal vera með lágmarks-ljósstyrk 20 lux að meðaltali. Lýsing á öðrum vinnusvæðum, t. d. gámasvæðum skal vera með lágmarksljósstyrk 10 lux að meðaltali og ljósstyrkur öryggislýsingar annars staðar á hafnarsvæðinu skal vera 5 lux að meðaltali.

Lýsingu skal mæla þar sem vinna fer fram í þeim fleti (lárétt eða lóðrétt) sem unnið er á.

Ef einstök tilvik krefjast meiri lýsingar en fastir ljósgjafar veita má notast við tíma-bundna viðbótarlýsingu, t. d. frá skipum.

Ljósum skal þannig fyrirkomið að lýsing trufla ekki sjófarendur.

26. gr.

Bjölluskápur.

Fjarlægð í bjölluskáp frá bryggjukanti má mest vera 200 m mælt eftir eðlilegri göngu-leið. Bjölluskápur skal tengdur viðurkenndri vaktstöð sem er á sólarhrings vakt. Við bjölluskáp skal vera blátt leiðbeiningarljós og merking líkt og á brunaboða.

27. gr.

Bryggjukantar.

Á hafnarsvæðum þar sem akfært er að sjó og fyrir verða bryggjur þar sem dýpi verður meira en 1,5 m á flóði eða brattir kantar skulu gerðir minnst 20 cm háir kantbitar svo öflugir að þeir láti ekki undan ákeyrslu.

Bryggjukantar skulu málaðir að innanverðu með áberandi ljósgulur lit eða auðkenndir með gulum endurskinsmerkjum 7x50 cm stórum sem komið er fyrir með 50 cm millibili milli merkja.

28. gr.

Merking öryggisbúnaðar.

Allur öryggisbúnaður hafna skal merktur með samræmdum hætti, þannig skulu bryggjukantar vera málaðir í ljósgulur lit (sitrónugult), stigar í rauðgulur lit (appelsínugult). Hindranir skulu málaðar með svörtum og gulum röndum.

Endurskinsmerki, sem sett eru upp til frekara öryggis beri sama lit, nema á svörtum flötum skulu vera blá merki.

29. gr.

Kranar.

Löndunarkranar og hafnakranar skulu vera skráðir lögum samkvæmt og skal um búnað þeirra og notkun fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

30. gr.

Umferð.

Umferð um hafnarsvæði skal skipulögð þannig að sem minnst slysaætta stafi af henni fyrir þá sem þar vinna. Ökuleiðir skulu vera nægjanlega breiðar og greiðfærar og göngu- leiðir yfir þær greinilega merktar.

Við op og gryfjur sem eru dýpri en 50 cm skal vera 100 cm hátt handrið með hnélista í 50 cm hæð.

Vörur skal ekki geyma á hafnarbakka nær brún sjávarmegin en 2 metra.

31. gr.

Þjálfun og eftirlit hafnarstarfsmanna.

Hafnarstjórn ber skylda til að sjá um að starfsmenn hennar hafi hlotið lágmarksþjálfun í notkun þeirra björgunar- og öryggistækja sem eru á hafnarsvæðinu.

Hafnarstjórn skal skipuleggja innra eftirlit með öllum þáttum þessara reglna. Tíðni innra eftirlits skal vera nægilegt miðað við aðstæður og skipulagt í samráði við Siglingastofnun Íslands. Starfsmenn Siglingastofnunar skulu sannreyna virkni innra eftirlits hverrar hafnar einu sinni á ári eða oftar ef þörf þykir.

VII. KAFLI

Starfsemi og umferð á hafnarsvæði.

32. gr.

Skilgreining á skipi.

Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningatæki, dval- arstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

33. gr.

Almennar reglur um komu og brottför.

Við komu og brottför að degi skulu skip, önnur en íslensk fiskiskip, hafa þjóðfána við hún.

Þjónusta við skip er unnin af starfsmönnum hafnarinnar í umboði hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju hafnarinnar.

Sérhvert skip skal boða áætlað komu sína til hafnarinnar með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmann með minnst 24 klst. fyrirvara, en skip sem koma til hafnar oftar en vikulega, í síðasta lagi 1 klst. fyrir komu á ytri höfn.

Hafnsöguskyld skip skulu tilkynna brottför með minnst 3 klst. fyrirvara og allar breyt- ingar á fyrri tilkynningum, strax og ákveðnar eru. Skip sem lætur úr höfn án hafnsögumanns, skal tilkynna brottför til hafnsögumanns.

Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa hafnarskrifstofu eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:

- Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúprista og síð- asta viðkomustað.
- Nafn skipstjóra.

- Stærð áhafnar og fjölda farþega.
- Tegund og magn farms.
- Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.
- Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
- Nafn umboðsmanns.

Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkt, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglur Siglingastofnunar Íslands. Skipstjórnmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

34. gr.

Umferð um höfnina.

Skipstjóri sem ekki hefur hafnsögumann um borð skal með talstöðvarsambandi við hafnarsskrifstofu fá upplýsingar um hvar hann getur bundið skip sitt, áður en hann heldur á innri höfn. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

Á innri höfninni má ekki sigla skipum hraðar en svarar 4 sjómílum á klst., en þó aldrei hraðar en aðstæður og góð sjómennska leyfa. Sérstaka aðgát skal sýna þegar farið er um svæði, þar sem unnið er að dýpkun, köfun og þess háttar enda skal við slík störf hafa uppi viðeigandi merki.

Skip mega ekki láta vélar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.

Bannað er að blása í flautur og lúðra á innri höfninni, nema umferð gefi tilefni til þess.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrir skipuð ljós eða dagmerki.

Skemmti- og smábátar, þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip njóta aðstoðar dráttarbáta eða eru að leggja að eða frá viðlegu.

35. gr.

Skip í viðlegu.

Skip telst í viðlegu, er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ.m.t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.

Ekki má festa skip við hafnarbakka eða bryggju nema við festarhringa eða festarstólpa.

Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þessa ekki nægilega gætt, getur hann krafist, að bætt sé úr því tafarlaust. Skylt er að hafa hlífur milli skips og hafnarbakka eða bryggju, ef hafnarstjóri krefst þess. Ekki má krækja hökum í bryggjur eða hafnarbakka. Ekki mega skip hleypa vatni á bryggjur eða hafnarbakka, hvorki við þvott á þilfari né heldur, er þau hleypa burtu vatni eða á annan hátt, heldur skulu þau girða svo fyrir með hlífum, að vatnið fari beint í höfnina en komist eigi á bryggjuna eða hafnarbakkann.

Þegar búið er að leggja skipi við hafnarbakka má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstarfsmanns eða hafnarstjóra, en skylt er skipstjóra að flytja skipið, ef hafnarstarfsmaður eða hafnarstjóri skipar svo fyrir. Skip, sem ekki er verið að lesta eða losa eða ekki eru í rekstri, mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Liggja skip á innri höfninni án þess að

nokkuð sé unnið við það, getur hafnarstjóri krafist þess, að það sé tekið burtu. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstarfsmaður eða hafnarstjóri hefur fyrirskipað er þeim heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

Í hverju skipi skal jafnan vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni, er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarvörðum nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

Hafnarstarfsmenn ákveða legur fyrir skip 20 BT og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarstarfsmanni. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

36. gr.

Skip í lægi.

Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

Skipum sem leggja skal í lægi, má aðeins leggja á þeim stöðum er hafnarstjóri leyfir.

Skipum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann, enda liggi fyrir samþykki tryggingarfélags skipsins. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda. Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað og ef svo reynist skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er. Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í nágrenninu, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum, sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað sem af því leiðir.

VIII. KAFLI

Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.

37. gr.

Lestun og losun.

Afnot hafnarmannvirkja og lands er öllum heimil að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnararsvæðum í heimildarleysi hennar og sem ekki eru sérstaklega á ábyrgð hafnarinnar.

Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

Hafnarstjóri getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er hafnarstjóra þó heimilt að veita undanþágu frá slíku.

Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða, án leyfis hafnaryfirvalda.

Þeir munir og vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til

geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því sem áfátt er.

Pegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um verkið, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

38. gr.

Meðferð eldfims og hættulegs varnings.

Skip sem flytja hættuleg efni, mega ekki leggjast að bryggju, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess. Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkvistjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4 og 5. Í tilkynningu skal greina tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun. Sem dæmi um tilkynningarskyld efni má nefna: steinolíu, acetón, terpentínu, toluól, kosangas, kalcíumkarbít, ammoníumnítrat, natríumklórat.

Losun á vöru sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip leggst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast og skal skip láta strax úr höfn að lestun lokinni. Álíti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarráðstafanir hafa verið gerðar.

Skylt er að hafa öryggisvörð við skip, sem er að lesta eða losa eldfimar vörur.

Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið. Varningurinn skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarvæðinu. Skip sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsíglu, en á nóttu rautt ljósker. Í skipum sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld nema í eldavél skipsins. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

39. gr.

Refsingar.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

40. gr.

Málskot.

Ákvörðunum Siglingastofnunar samkvæmt reglugerð þessari má skjóta til samgöngu-ráðherra. Um málsmeðferð fer eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

41. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 61/2003, lögum um vítamál, nr. 132/1999, með síðari breytingum, og lögum um Siglingastofnun Íslands, nr. 6/1996, með

síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um hafnamál, nr. 232/1996, með breytingu nr. 392/2001 og reglur um slysavarnir í höfnum, nr. 247/2000, með breytingu nr. 705/2002.

Samgönguráðuneytinu, 25. mars 2004.

Sturla Böðvarsson.

Jóhann Guðmundsson.

GJALDSKRÁ

fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi Norður-Héraði.

A. Framkvæmdaleyfi samkvæmt 27. gr. laga nr. 73/1997.

1. Fjárhæð og grundvöllur framkvæmdaleyfisgjalds.

Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis ákveður sveitarstjórn gjald eftir umfangi framkvæmdar. Lágmarksgjald skal þó vera kr. 50.000. Gjald þetta skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

Fjárhæð gjalds skal ekki nema hærri fjárhæð en nemur kostnaði þeim er sveitarfélagið verður fyrir vegna útgáfu, undirbúnings leyfisins, yfirferð hönnunargagna og eftirlits.

Þegar úrskurður um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 er nauðsynlegur undanfari útgáfu framkvæmdaleyfis telst kostnaður sem sveitarfélag hefur vegna þess hluti af kostnaði við undirbúning leyfisins.

2. Gjaldldagi.

Framkvæmdaleyfisgjald skal greiða við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við framkvæmdaleyfishafa um fyrirkomulag greiðslna.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og framkvæmdaleyfishafa við útgáfu framkvæmdaleyfis.

3. Innheimta gjalda.

Framkvæmdaleyfisgjaldi fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Framkvæmdaleyfisgjald er ekki endurkræft þó framkvæmdaleyfi falli úr gildi.

4. Gjaldtökuheimild.

Um gjaldtöku samkvæmt A-lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Gjaldtaka vegna leyfa samkvæmt 3. tl. og 4. tl. bráðabirgðaákvæða laga nr. 73/1997 fer eftir sömu ákvæðum.

B. Byggingarleyfi samkvæmt 43. gr. laga nr. 73/1997.

1. Fjárhæð og grundvöllur gjalda.

Fyrir útgáfu byggingarleyfis skal greiða grunngjald kr. 5.000. Að auki greiðast kr. 50 pr. rúmmetra byggingar sem leyfi varðar.

Heimilt er að krefja fyrir hverja yfirferð nýrra eða breyttra hönnunargagna eftir útgáfu byggingarleyfis gjald á bilinu kr. 4.000 til kr. 18.000 eftir umfangi verks.

Fyrir hverja úttekt skal greiða kr. 4.000. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákvarða hærra gjald fyrir úttekt ef hún telst óvenju umfangsmikil.

Fyrir vottorð skal greiða kr. 6.000.

Fjárhæðir samkvæmt þessari grein eru bundnar við vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

2. *Gjalddagar.*

Byggingarleyfisgjald skal greitt við útgáfu leyfis.

Heimilt er þó að semja við byggingarleyfishafa um annan gjalddaga.

Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og byggingarleyfishafa við útgáfu byggingarleyfis.

Fyrir yfirferð hönnunargagna skal greiða við móttöku yfirfarinna gagna.

Úttektargjald er gjaldkræft þegar úttekt er lokið.

Fyrir vottorð skal greiða við útgáfu þess.

3. *Innheimta gjalda.*

Gjöldum samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Gjöld þessi eru ekki endurkræf þó byggingarleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuheimild.*

Um gjöld samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997 og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

C. **Stöðuleyfi fyrir vinnubúðir samkvæmt 58. gr. og stöðuleyfi skv. 71. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998.**

1. *Fjárhæð og grundvöllur gjalds.*

1.1. Fyrir útgáfu stöðuleyfis vinnubúða á grundvelli 58. gr. byggingarreglugerðar skal greiða grunngjald kr. 10.000. Að auki greiðist gjald vegna yfirferðar gagna, undirbúnings og eftirlits byggingarfulltrúa sem hér segir:

- Vinnubúðir án deiliskipulags: Kr. 30.000 til kr. 300.000 eftir umfangi. Við ákvörðun gjalds skal taka mið af fjölda bygginga, staðsetningu vinnubúða og hversu lengi þær eiga að standa. Gjald skal þó aldrei nema hærri fjárhæð en kostnaður sá er leiðir af útgáfu leyfisins.
- Deiliskipulagðar vinnubúðir: Kr. 100.000 til kr. 1.000.000 eftir umfangi. Sveitarstjórn er heimilt að semja sérstaklega við umsækjanda um stöðuleyfisgjald ef vinnubúðir eru deiliskipulagðar og tengjast framkvæmdaskyldri mannvirkjagerð. Skal þar tekið mið af umfangi, staðsetningu og áætluðum stöðutíma.
- Heimilt er að krefja um sérstakt gjald fyrir hverja yfirferð byggingarfulltrúa vegna nýrra eða breyttra gagna eftir útgáfu stöðuleyfis. Skal það gjald vera á bilinu kr. 4.000 til kr. 18.000 eftir umfangi verks.
- Fyrir hverja sérstaka úttekt byggingarfulltrúa skal greiða kr. 4.000. Sveitarstjórn er þó heimilt að ákvarða hærra gjald fyrir úttekt ef hún telst óvenju umfangsmikil.
- Fyrir vottorð skal greiða kr. 6.000.

1.2. Fyrir útgáfu stöðuleyfa skv. 71. gr. byggingarreglugerðar skal greiða grunngjald kr. 5.000. Að auki greiðist gjald vegna yfirferðar gagna og undirbúnings og eftirlits byggingarfulltrúa sem hér segir:

- a. Krefjist aðstæður þess að byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi komi á vettvang áður en beiðni er afgreidd greiðist á bilinu kr. 4.000 til kr. 10.000.
Fjárhæðir samkvæmt þessari grein eru bundnar við vísitölu byggingarkostnaðar miðað við grunnvísitölu aprílmánaðar 2001.

2. *Gjald dagar.*

Byggingarleyfisgjald og gjöld vegna stöðuleyfis skulu greidd við útgáfu leyfis. Heimilt er þó að semja við byggingarleyfishafa um annan gjalddaga. Í því tilviki skal liggja fyrir skriflegur samningur sveitarfélags og byggingarleyfishafa við útgáfu byggingarleyfis.
Fyrir yfirferð hönnunargagna skal greiða við móttöku yfirfarinna gagna.
Úttektargjald er gjaldkræft þegar úttekt er lokið.
Fyrir vottorð skal greiða við útgáfu þess.

3. *Innheimta gjalda.*

Gjöldum samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar. Gjöld þessi eru ekki endurkræf þó byggingarleyfi falli úr gildi.

4. *Gjaldtökuheimild.*

Um gjöld samkvæmt B-lið gjaldskrár þessarar fer samkvæmt 53. gr. laga nr. 73/1997, skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi gjaldskrá nr. 875/2001.

Samþykkt í sveitarstjórn Norður-Héraðs, 2. mars 2004.

Brúarási, 31. mars 2004.

F.h. sveitarstjórnar Norður-Héraðs,

Jónas Þór Jóhannsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Austur-Héraði.

Bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur þann 17. janúar 2004 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðasvæði við Kaupvang nr. 41-45 á Egilsstöðum.

Á svæðinu er áformað að byggja þrjú fjölbýlishús, með samanlagt 81 íbúð.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Egilsstöðum, 1. apríl 2004.

Þórhallur Pálsson skipulagsfulltrúi.

REGLUGERÐ

um löggildingu raforkumæla.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi mælir fyrir um löggildingu raforkumæla sem eru löggildingarskyldir, sbr. 5. gr. laga nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu.

2. gr.

Skilgreiningar.

Eldri mælagerð og eldri markmælar merkja í þessari reglugerð mæla sem settir voru upp hjá neytanda fyrir gildistöku reglugerðar nr. 603/2000 þann 18. ágúst 2000.

Frum sannprófun merkir *EBE-frumsannprófun* sbr. rg. nr. 129/1994 um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit eða innlenda frumsannprófun aðildarlands WELMEC sbr. 4. tl. viðauka II rg. nr. 612/2000 og er aðferð til að sannreyna að framleiðsla tækis sé í samræmi við viðurkennda frumgerð og standist mælifræðilegar kröfur, m.a. um heimiluð hámarksfrávik og merkingar.

Gerðarviðurkenning merkir *EBE-gerðarviðurkenningu* sbr. rg. nr. 129/1994 um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit eða íslenska gerðarviðurkenningu sbr. 3. tl. viðauka II rg. nr. 612/2000 byggist á ítarlegri gerðarprófun, þar sem prófað hefur verið eftir kröfum viðkomandi tilskipana og reglugerða eða annarra kröfuskjala.

Heimiluð hámarksfrávik merkja stærstu gildi sem leyfð eru fyrir frávik í reglugerðum, stöðlum og öðrum kröfuskjölum fyrir tiltekin mælitæki.

Löggildingaraðili merkir prófunarstofu eða þjónustuverkstæði með B-faggildingu með starfsleyfi til löggildingar mælitækja sbr. rg. nr. 648/2000 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Mælaspennir er samheiti fyrir spennuspenni og straumspenni.

Raforkumælibúnaður merkir raforkumæli ásamt mælaspenni.

Úrtaksskoðun merkir skoðun byggða á fyrirmælum um hvernig úrtak skuli valið úr tiltekinni skoðunarlotu og lotan er síðan öll metin á grundvelli niðurstöðu sem hefur fengist með skoðun á einu úrtaki eða tveimur ef þörf krefur skv. nánari skilyrðum í gildandi verklagsreglum um úrtaksskoðanir fyrir veitumæla og sbr. ISO 3534, 1. hluta.

3. gr.

Hæfniskröfur.

Löggildingaraðili skal uppfylla þær hæfniskröfur sem fram koma í reglugerð nr. 648/2000 um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Prófunarmaður sem annast löggildingar raforkumæla og metur ástand þeirra út frá prófunum og skoðunum skal vera rafiðnaðarmaður eða hafa sambærilega menntun og hafa yfir að ráða nægilegri tæknikunnáttu til nefndra verkefna. Tryggt skal að kunnáttu hans sé haldið við með endurmenntun. Hann skal kunna skil á þeim reglum sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið setur varðandi raforkumæla.

Tæknilegur stjórnandi skal vera verkfræðingur eða tæknifræðingur og hafa þekkingu á raforkumælum og reynslu af löggildingu þeirra. Undanþágu má gera frá framangreindum skilyrðum um þekkingu og reynslu ef viðkomandi hefur menntun eða starfsreynslu og þjálfun sem faggildingarsvið Löggildingarstofu telur fullnægjandi. Tæknilegur stjórnandi er ábyrgur fyrir öllum löggildingum sem löggildingaraðili vinnur.

4. gr.

Mælitæki notuð við löggildingu.

Allir mæligrunnar, sem löggildingaraðili notar í tengslum við löggildingar raforkumæla, skulu vera kvarðaðir og skal kvörðunin rekjanleg til landsmæligrunna á Íslandi.

5. gr.

Aðstæður.

Eigandi raforkumælis ber ábyrgð á flutningi mælis og setur gæðakröfur um flutning mæla á notkunarstað, sem eru fullnægjandi að mati Löggildingarstofu.

Uppsetning löggildingarskylds raforkumælis á notkunarstað skal vera í samræmi við ákvæði í reglugerðum og stöðlum og fyrirmæli framleiðanda um umhverfisaðstæður og frágang.

Pegar prófun raforkumælibúnaðar fer fram á notkunarstað, skal geta sérstaklega um það í prófunarskýrslu og fara eftir verklagsreglum um prófun á notkunarstað.

6. gr.

Löggildingarhæfi.

Raforkumælar af gerð sem er í samræmi við rg. nr. 138/1994 um raforkumæla ásamt síðari breytingum og uppfylla eftirfarandi skilyrði, teljast löggildingarhæfir:

A Löggilding nýrra mæla.

- A1. Að frumsannprófunarmerki sé á mælinum sbr. rg. nr. 129/1994 um mælitæki og aðferðir við mælifræðilegt eftirlit og sbr. 3. og 4. tl. viðauka II rg. nr. 612/2000.
- A2. Að raforkumælir sé innsiglaður frá frumsannprófunaraðila.
- A3. Að staðfest sé út frá fyrirliggjandi gögnum um frumsannprófun að viðkomandi mælar hafi staðist prófanir sbr. kröfur í V. kafla um EBE-frumsannprófun í reglugerð nr. 138/1994 um raforkumæla og sbr. 2. tl. viðauka II rg. nr. 612/2000.

B Framlenging gildistíma með úrtaksskoðun.

- B1. Að mælarnir standist prófanir nr. 3-10 um tómagang, gangsetningu og heimiluð hámarksfrávik í V. kafla um EBE-frumsannprófun í reglugerð nr. 138/1994 um raforkumæla. Styðjast má við önnur viðmiðunarskjöl með sambærilegum kröfum ef þau eru lögð fram af löggildingaraðila og viðurkennd af Löggildingarstofu.
- B2. Prófanir skv. lið B1 skal framkvæma með úrtaksskoðun í samræmi við verklagsreglur Löggildingarstofu um framlengingu gildistíma fyrir veitumæla á grundvelli úrtaksskoðana.
- B3. Að mælir hafi verið innsiglaður af prófunaraðila að lokinni prófun.

C Eldri mælagerðir.

Löggildingarstofa getur heimilað löggildingar eldri mælagerða ef þeir standast prófanir skv. B lið þó að öðrum ákvæðum sé ekki fullnægt.

7. gr.

Löggilding raforkumæla.

Eigandi raforkumælis ber ábyrgð á að mælir sé ekki tekinn í notkun nema að undangenginni löggildingu og að hann sæti reglubundnu eftirliti og uppfylli þær kröfur sem til hans eru gerðar samkvæmt lögum og reglugerðum og að löggilding hans sé ætíð í gildi.

Nýjan raforkumæli má löggilda hafi löggildingarhæfi hans eða þeirrar mælalotu, sem hann tilheyrir, verið staðfest sbr. A lið 6. gr. Sé raforkumælir löggildingarhæfur er festur á hann löggildingarmiði með númeri löggilingaðila og ártali löggildingar og telst hann þá löggiltur.

Þegar gildistími mælalotu er framlengdur á grundvelli úrtaksskoðana sbr. lið B2 6. gr. þarf ekki að setja nýja löggildingarmiða á mælauna. Endurnýja má löggildingarmiða mælanna sem voru prófaðir ef þörf er á en gildistími þeirra verður sá sami og fyrir aðra hluta lotunnar. Innsigla skal mæla að nýju ef innsigli hefur verið rofið við prófanir. Upplýsingar um löggildingarstöðu allra mæla skulu skráðar og vera aðgengilegar Löggildingarstofu hverju sinni og upplýsingar um löggildingarstöðu viðkomandi mæla skulu vera á árlegu yfirliti eða reikningi frá veitu.

Þegar löggiltur raforkumælir er tengdur við mælaspenni getur Löggildingarstofa krafist staðfestingarprófana á raforkumælíbúnaðinum á notkunarstað. Mælaspennar skulu uppfylla kröfur í reglugerð um raforkumæla.

Ef prófunarstofa með starfsleyfi til löggildingar raforkumæla annast einnig viðgerðir þeirra skal halda þeim verkþáttum greinilega aðskildum frá löggildingunum í samræmi við kröfur staðla. Minniháttar stillingar í tengslum við löggildingar eru heimilar sé slík stilling gerð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða viðurkenndar aðferðir þegar leiðbeiningarnar eru ekki til.

8. gr.

Tíðni löggildinga.

Gildistími löggildinga raforkumæla er sem hér segir:

1. Löggilding ein- eða fjölfasa raforkumæla tengdra mælaspennum, sem hafa takmarkaða gerðarviðurkenningu eða eru notaðir til reynslu, gildir í allt að 5 ár.
2. Löggilding raforkumæla fyrir fjölþrepa gjaldskrá annarra en tvígjaldsmæla og aflmæla gildir í allt að 8 ár.
3. Löggilding raforkumæla fyrir markmælingu gildir í allt að 8 ár.
4. Löggilding ein- eða fjölfasa raforkumæla tengdra mælaspennum, annarra en getið er í 1. tl., gildir í allt að 10 ár.
5. Löggilding ein- eða fjölfasa raforkumæla, þar með talið tvígjaldsmæla, gildir í allt að 16 ár.

Ef unnt er að sýna fram á löggildingarhæfi lotu raforkumæla í notkun skv. 3., 4. og 5. tl. með úrtaksskoðun sbr. B lið 6. gr. er heimilt að framlengja gildistíma viðkomandi mælalotu um allt að 4 ár í hvert sinn.

9. gr.

Afturköllun löggildingar.

Löggildingin fellur úr gildi, þrátt fyrir að gildistími skv. 8. gr. sé ekki liðinn, ef:

1. kröfum um flutning og uppsetningu, sbr. 5. gr. er ekki fullnægt,
2. raforkumælir bilar,
3. innsigli á raforkumæli er rofið,
4. viðgerð er framkvæmd á raforkumælinum sem áhrif getur haft á mæliniðurstöðu hans,
5. frávík eru meiri en tvöföld heimiluð hámarksfrávík.

Löggildingarstofu er heimilt að veita undanþágu frá 3. tl. vegna eldri markmæla.

10. gr.

Skýrslugerð.

Skýrslugerð skal vera í samræmi við verklagsreglur og reglugerð um starfshætti þeirra sem annast löggildingar mælitækja í umboði Löggildingarstofu.

Eftirfarandi upplýsingar skulu m.a. koma fram í prófunarskýrslum sem lagðar eru til grundvallar löggildingu:

1. Umsögn um merkingar.
2. Fjöldi mæla í lotu og hve margir þeirra voru prófaðir.
3. Frávik við mælingu og niðurstöður tómagangs- og gangsetningarprófana.

Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar starfsmönnum Löggildingarstofu.

11. gr.

Málskot.

Komi upp ágreiningur um úrskurð Löggildingarstofu um einhver atriði varðandi ákvæði eða beitingu þessarar reglugerðar má skjóta málinu til ráðherra.

12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ólöggiltir raforkumælar sem eru í notkun mega vera áfram í notkun ólöggiltir jafnlengi og ef þeir hefðu verið löggiltir þegar þeir voru settir upp og skal gildistími þeirra metinn í samræmi við ákvæði 8. gr. Veitur eða aðrir eigendur mæla skulu senda Löggildingarstofu greinargerðir með yfirliti um löggildingarskylda mæla í notkun þar sem fram koma upplýsingar um fjölda, aldur, stærð, gerð og löggildingarstöðu svo og aðrar upplýsingar sem Löggildingarstofa telur nauðsynlegar vegna framkvæmdar eftirlits með raforkumælum í notkun. Sé ekki unnt að afla gagna um aldur mælanna skal meta hann í samráði við Löggildingarstofu.

13. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 100/1992 um vog, mál og faggildingu og öðlast þegar gildi.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 603/2000 um löggildingu raforkumæla.

Viðskiptaráðuneytinu, 6. apríl 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Atli Freyr Guðmundsson.

AUGLÝSING

um útvarpsgjald.

Útvarpsgjald, sbr. 10. gr. laga um Ríkisútvarpið nr. 122/2000, hefur verið ákveðið kr. 2.705 á mánuði, að meðtöldum virðisaukaskatti, frá og með 1. maí 2004 og þar til öðruvísi verður ákveðið.

Menntamálaráðuneytinu, 2. apríl 2004.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Guðmundur Árnason.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr.	6.644
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr.	7.000

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða er að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu síðastliðin þrjú ár, hefur haft vottað gæðakerfi síðastliðin þrjú ár eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni síðastliðin þrjú ár, sem heilbrigðisnefnd viðurkennir, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfisskyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir:

Endurnýjun starfsleyfis:

Starfsleyfisgjald	hálf títímagjald
og auglýsingakostnaður ef við á	

Ný starfsemi:

Starfsleyfisgjald	eitt títímagjald
og eftirlitsgjald viðkomandi fyrirtækjaflokks	
ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Önnur starfsleyfi sem ekki eru í eftirlitsáætlun:

Starfsleyfisgjald	eitt títímagjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings,	
ferðar, úttektar og frágangs,	
ásamt auglýsingakostnaði ef við á	

Eftirlitsgjald vegna tóbakssölu	hálf títímagjald
---------------------------------	------------------

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. greiðist við afhendingu leyfisbréfs og reiknast dráttarvextir 30 dögum eftir útgáfudag leyfis.

5. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis gefur út samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og fyrir eiturbeiðnir skal greiða hálf títugjald.

Gjald fyrir þjónustuverkefni og önnur sérstök verkefni greiðist samkvæmt reikningi.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlandssvæðis er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra, eins og um þjónustuverkefni sé að ræða.

6. gr.

Af starfsemi, sem upp er talin í viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis hefur eftirlit með samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun, skal greiða gjöld samkvæmt 2. gr.

7. gr.

Aðildarsveitarfélögin, eða aðili sem þau tilnefna, annast innheimtu eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Vesturlandssvæðis innheimtir önnur gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, s.s. fyrir leyfi, vottorð, eiturbeiðnir og þjónustuverkefni.

Heilbrigðiseftirlitið gerir skrá yfir eftirlitsskylda starfsemi í samræmi við viðauka A sem fylgir gjaldskrá þessari og sendir viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

8. gr.

Gjalddagi gjalda samkvæmt 2. gr. er 1. apríl og eindagi 1. maí ár hvert. Gjalddagi gjalda af sumarrekinni starfsemi er 1. júlí og eindagi 1. ágúst. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

9. gr.

Pegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, er heimilt að innheimta eitt árlegt gjald, þá í þeim flokki sem hærri er.

10. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af aðildarsveitarfélögunum skv. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 533/2003 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis.

F.h. heilbrigðisnefndar Vesturlands, 2. febrúar 2004.

Helgi Helgason.

VIDAUKI A

Atvinnugrein	Gjald kr.	Atvinnugrein	Gjald kr.
Aðilar sem sérhæfa sig í flutningi og hreinsun á seyru.	5.400	Fræðslustarfsemi á framhaldsskólastigi - iðn- og verknám með fullbúnu eldhúsi	33.600
Alifuglarækt ≤ 40.000 stæði	24.900	Fræðslustarfsemi á æðra námsstigi með fullbúnu eldhúsi	33.600
Alifuglarækt > 40.000 stæði	49.800	Garðaðun	5.000
Apótek	10.000	Gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni	5.400
Áfengismeðferð	13.300	Gámastöð	11.600
Áfengisverslun	10.000	Grunnskólar án mótuneytis	13.300
Áhaldahús sveitarfélags	10.800	Grunnskólar með fullbúnu eldhúsi	35.200
Bakarí, miðlungs	31.900	Gæsluvellir	10.000
Bensínstöðvar	23.300	Harðfiskverkun	18.300
Bensínstöðvar með matvöru	56.500	Hárgreiðslu- og snyrtistofur	13.300
Bensínstöðvar með veitingasölu	76.800	Hárgreiðslustofur	11.600
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, lítið	14.100	Heilsugæslustöðvar	5.800
Bifreiða- og vélaverkstæði með sprautun, miðlungs	17.400	Heimili fyrir börn og unglinga	11.600
Bifreiða- og vélaverkstæði, lítið	5.400	Heitloftsþurrkun fiskafurða	21.600
Bifreiða- og vélaverkstæði, miðlungs	5.800	Hestahald (hestúshaverfi)	6.600
Blikksmíði	5.000	Hjólbarðaverkstæði, gúmmívinnsla	5.400
Bón- og bílaþvottur, handvirk	8.300	Hótel með veitingasölu, lítið	24.900
Bón- og bílaþvottur, sjálfvirk	15.800	Hótel með veitingasölu, miðlungs	56.500
Byggingavöruverslanir, litlar	12.500	Hótel með veitingasölu, stórt	70.100
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting án veitingasölu	17.800	Hótel og gistiheimili án veitingasölu, stórt	28.200
Bændagisting, orlofshúsasvæði og önnur ótalin gisting með veitingasölu	21.100	Hundahótel	4.600
Deildaskipt sjúkrahús, miðlungs með móttökueldhúsi	34.900	Íþróttahús, lítil	11.600
Dvalar- og hjúkrunarheimili, miðlungs með móttökueldhúsi	24.900	Íþróttahús, miðlungs	14.900
Dvalar- og hjúkrunarheimili, stór með fullbúnu eldhúsi	36.900	Íþróttavellir	5.400
Dýralæknastofur án röntgen	4.600	Járnvöruverslanir	12.500
Efnalaugar	13.300	Kattahótel	4.200
Fangelsi, lítið	6.600	Kirkjur	3.700
Fangelsi, miðlungs	14.100	Krár, kaffihús með matsölu	23.300
Farfuglaheimili og fjallaskálar, heilsárs-notkun	10.800	Kvikmyndahús	12.500
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með fullbúnu eldhúsi	36.900	Kökugerð, lítil	18.300
Félagsaðstaða fyrir fullorðna með móttökueldhúsi	26.600	Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttá lítil	31.900
Félagsmiðstöðvar og æskulýðsstarfsemi	13.300	Land- og kvíaelði	28.200
Fiskbúðir með vinnslu, litlar	21.600	Leikskólar með fullbúið eldhús	30.300
Flugvellir með eldsneytisafgreiðslu	24.900	Líkamsræktarstöðvar, miðlungs	11.600
Fótaaðgerðarstofur	10.000	Líkamsræktarstöðvar, stór	12.500
Framköllunarþjónusta, sérhæfð	12.500	Ljósmyndastofur með framköllun	10.800
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	9.100	Loðdýrabú	24.900
Framleiðsla á mjöli og feiti úr slátur-úrgangi < 10 tonn á dag	31.600	Læknastofur	5.000
Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	24.900	Malar- og sandnám; vikurnám	5.800
Framleiðsla húsdýrafóðurs	5.000	Matsölustaðir, litlir	33.200
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	14.100	Matsölustaðir, miðlungs	46.900
Frístundahúsabyggð ≥ 20 hús	17.800	Matsöluvagnar	21.400
		Matvöruverslun án vinnslu, miðlungs	26.900
		Matvöruverslun með vinnslu, lítil	35.200
		Matvöruverslun með vinnslu, miðlungs	47.200
		Málningavöruverslanir	12.500
		Meðferð og húðun málna	15.800
		Mjólkurbú og ostagerð	181.500
		Mjölvinnsla úr sjávarafurðum	26.600
		Móttaka á úrgangi til endurvinnslu	12.500
		Mötuneyti með móttökueldhúsi, lítið	19.900

Atvinnugrein	Gjald kr.	Atvinnugrein	Gjald kr.
Nuddstofur	11.600	Súkkulaði- og sælgætisgerð	21.900
Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu	18.300	Svínarækt ≤ 2000 stæði alisvín eða ≤ 750 stæði fyrir gyltur	31.600
Plastiðnaður	13.300	Svínarækt > 2000 stæði alisvín eða > 750 stæði fyrir gyltur	63.100
Prentiðnaður með framköllun	14.100	Söluturnar með óvarin matvæli, litlir	18.300
Prentiðnaður, lítill	6.200	Tannlæknastofur	5.000
Rafvélaverkstæði	5.000	Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsasvæði, lítill	9.000
Salatgerð	35.600	Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsasvæði, miðlungs	18.300
Saltfiskverkun	18.300	Tjaldsvæði, þ. á m. hjólhýsasvæði, stór	19.500
Samkomusalir með fullbúnu eldhúsi	29.900	Tónlistarskólar	5.800
Seiðaeldisstöðvar < 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	14.100	Trésmíðaverkstæði án lökkunar	5.800
Seiðaeldisstöðvar > 350 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn	28.200	Trésmíðaverkstæði með lökkun	13.300
Sjúkraþjálfun	11.700	Vatnsveitur < 1.000 íbúa	35.600
Skemmtistaðir með matsölu	26.600	Vatnsveitur 1.000 - 5.000 íbúa	99.200
Skíðaskálar, skíðasvæði	6.600	Vatnsveitur 5.000 - 10.000 íbúa	168.700
Skotvelli	12.500	Vatnsveitur, einka	8.900
Skyndibitastaðir, litlir	27.400	Veðiðhús án veitinga	17.800
Sláturhús < 50 t/dag	56.500	Veðiðhús með veitingum	28.200
Smurstöðvar	17.400	Vélsmiða- og vélaviðgerðaverkstæði	5.400
Snyrtistofur	11.600	Vinnsla á ferskum fiski, lítill	18.300
Snyrtivöruverslun	11.600	Vinnsla á ferskum fiski, miðlungs	24.900
Sorpflutningar og sorphirða	7.500	Vinnsla á ferskum fiski, stór	31.600
Sólbaðstofur án heitra potta	11.600	Vinnsla með plast- og frauðefni	13.300
Spennistöðvar	4.200	Vistheimili	13.300
Stálsmiði og stálskipagerð	24.900	Vöruflutningamiðstöðvar	15.800
Sultu- og ávaxtagroutargerð	35.600	Vörugeymslur, litlar	10.000
Sundstaðir, litlir	51.300	Vörugeymslur, miðlungs	15.800
Sundstaðir, miðlungs	78.500	Yogastofur, heilun ofl.	10.000
		Þvottahús og efnalaugar	11.600

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559 5. júlí 2001, með áorðnum breytingum.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, er öðlast gildi við birtingu:

Kaflí III. Tengigjöld.

Liðir 1 „þéttbýli“, 2 „dreifbýli“ og 4 „annað“ falla niður. Í stað þeirra kemur nýr kaflí: Tengigjöld rafmagns, sem staðfestur verður af Orkustofnun skv. raforkulögum nr. 65/2003. Auglýsing þess efnis verður birt í Lögbirtingablaði. Kaflinn í heild verður birtur á heimasíðu Rafmagnsveitna ríkisins.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. apríl 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Akranesi.

1. gr.

Peir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar um hundahald á Akranesi nr. 282/2004 skulu á árinu 2005 greiða fyrir það kr. 12.000 í bæjarsjóð. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Allur kostnaður vegna handsömunar hunda sem teknir eru lausir s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður og búrleiga skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds sé um leyfislausa hunda að ræða. Til viðbótar útlögðum kostnaði skal leyfishafi eða umráðamaður greiða handsömunargjald sem er eftirfarandi:

Í fyrsta sinn	kr. 4.500
Í annað sinn	kr. 6.500
Í þriðja sinn	kr. 8.500

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af bæjarstjórn Akraness 9. mars 2004 með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald á Akranesi nr. 282/2004 staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur gildi 1. janúar 2005.

Þannig samþykkt við síðari umræði í bæjarstjórn Akraness 9. mars 2004. Fyrri umræða fór fram 24. febrúar 2004.

Akanesi, 30. mars 2004.

Jón Pálmi Pálsson bæjarritari.

7. apríl 2004

Nr. 334

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað tölunnar „18“ í 2. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar kemur: 15.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 7. apríl 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.

GJALDSKRÁ

fyrir stofngjald fráveitu og fráveitugjald í Borgarfjarðarsveit.

1. gr.

Sveitarsjóður Borgarfjarðarsveitar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Borgarfjarðarsveit skv. gjaldskrá þessari og samþykkt nr. 184/2004 um fráveitur í Borgarfjarðarsveit.

2. gr.

Stofngjald við tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús	kr.	35.000	á hvert hús
Fyrir fjölbýlishús	kr.	11.750	á hverja íbúð
Fyrir annað húsnæði	kr.	50	á hvern m ³ í húsnæðinu að 4000 m ³
		12	á hvern m ³ > 4000 m ³

Ef um tvöfalt frárennisliskerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,2% af álagningarstofni. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án til-lits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar eftir seinni umræðu 8. janúar 2004, fyrri umræða var 30. desember 2003.

Litla-Hvammi, 30. mars 2004.

Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hraungerðishreppi.

Hraungerði.

Hreppsnefnd Hraungerðishrepps samþykkti þann 30. apríl 2003 deiliskipulag fyrir Hraungerði. Í því felst að byggingareitur er fyrir annað íbúðarhús og byggingareitur fyrir vélageymslu. Einnig er gert ráð fyrir breytttri aðkeyrslu að útihúsum.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingalög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Reykjasel.

Hreppsnefnd Hraungerðishrepps samþykkti þann 26. janúar 2004 deiliskipulag fyrir nýtt býli sem heitir Reykjasel. Þar er gert ráð fyrir íbúðarhúsi, útihúsi og 2 frístundahúsum.

Deiliskipulagið hefur öðlast þá meðferð sem skipulags- og byggingalög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Halakot.

Hreppsnefnd Hraungerðishrepps samþykkti þann 31. júlí 2002 deiliskipulag fyrir frístundabyggð á spildu úr landi Halakots.

Þar er gert ráð fyrir 23 frístundahúsum.

Deiliskipulagið hefur öðlast þá meðferð sem skipulags- og byggingalög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Pingborg, 2. apríl 2004.

Guðmundur Stefánsson, oddviti Hraungerðishrepps.

26. mars 2004

Nr. 337

GJALDSKRÁ

fyrir almenna sorphirðu og förgun úrgangs frá fyrirtækjum í Hörgárbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur ákveðið sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 að leggja á sorphreinsi- og sorpeyðingargjald árlega í sveitarfélaginu. Skal gjaldið innheimt með fasteignagjöldum.

Sorpgjald á íbúðir, árgjald kr. 8.000.

2. gr.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur ákveðið gjald vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækum kr. 2,05 pr. kg án virðisaukaskatts.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgárbyggðar 3. desember 2003 er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur þegar gildi.

Hörgárbyggð, 26. mars 2004.

Helga A. Erlingsdóttir, sveitarstjóri í Hörgárbyggð.

SAMÞYKKT

varðandi umgengni um lóðir og lendur í Kjósarhreppi.

1. gr.

Eiganda eða umráðamanni húss, girðinga og annarra mannvirkja er skylt að halda eignum vel við og halda lóðum og lendum hreinum og snyrtilegum.

2. gr.

Óheimilt er að skilja eftir á víðavangi, flytja, dreifa eða geyma lausamuni á þann hátt að valdið geti slysum, mengun eða lýti í umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti svo sem bíflök, bíhluta, kerrur, vélar, tæki, landbúnaðarplast, byggingarefni, báta og annað sambærilegt.

3. gr.

Tæki og hluti sem ekki eru í almennri eða stöðugri notkun skal geyma þannig að nágrannar og vegfarendur hafi ekki ama af. Bifreiðar og annar vélbúnaður skulu geymd á þar til gerðum stæðum.

4. gr.

Peir sem annast flutninga á almannafæri skulu haga þeim þannig að ekki valdi óþrifnaði.

5. gr.

Um eftirlit samkvæmt samþykkt þessari fer samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

6. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari, valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög skal farið samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

7. gr.

Samþykkt þessi er samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps þann 3. nóvember 2003, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 2. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559/2001, með áorðnum breytingum.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, er öðlist gildi við birtingu:

Kaflí III. Tengigjöld.

Liður 3 „Hitaveitur“ fellur niður og í stað hans komi:

Tengigjöld hitaveitu.

- | | | |
|-----|---|---------|
| 1.1 | <i>Tengigjöld fyrir þéttbýli.</i> | kr. |
| | Tengigjald fyrir hverja 20 mm heimæð er | 120.000 |
| | Fyrir hverja mælagrind umfram eina greiðast | 45.600 |
- 1.2 *Takmörkun.*
RARÍK er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.
- 1.3 *Aukakostnaður.*
Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, samkvæmt grein 1.1, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.
- 1.4 *Dreifbýli, frávik og breytingar.*
Gjöld fyrir dreifbýli og aðrar stærðir en um getur að ofan, svo og breytingar, greiðist samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni.
- 1.5 *Endurtenging.*
Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimæðar. Falli notkun um heimæð niður í að minnsta kosti 5 ár, telst heimæð aflögð, og þarf að greiða fullt tengigjald hefst notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt taxta H.1 fyrir hvert ár sem liðið er frá aftengingu, auk endurtengingargjalds 18.600 kr.
- 1.6 *Breytingar.*
Breytingar, aðrar en stækkun á heimæð, eru háðar framkvæmdaáætlun RARÍK hverju sinni.
- 1.7 *Annað.*
Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts. Heimæðar eru í eigu RARÍK, en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.

Iðnaðarráðuneytinu, 30. mars 2004.

Valgerður Sverrisdóttir.

Kristján Skarphéðinsson.

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á sterkum chilépipar og afurðum úr honum.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á þurrkuðum, gróf- eða fínmöluðum sterkum chilépipar af ættinni *Capsicum* og afurðum úr honum, og karrí og afurðum úr því, sem ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og innhalda sudan litarefni sem um getur í 3. gr. séu ekki til dreifingar hér á landi.

3. gr.

Óheimilt er að flytja inn til landsins:

- þurrkaðan, gróf- eða fín malaðan sterkan chilépipar af ættinni *Capsicum* og afurðir úr honum sem falla undir tollskrárnúmerin 0904.1200 og/eða 0904.2009,
- karrí og afurðir úr því sem falla undir tollskrárnúmerið 0910.5000

Þrátt fyrir ofangreint ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjandi framvísar vottorði frá opinberum aðila til Umhverfisstofnunar um að varan innihaldi ekki eftirtalin litarefni:

- a) Sudan I (CAS númer 842-07-9);
- b) Sudan II (CAS númer 3118-97-6);
- c) Sudan III (CAS númer 85-86-9);
- d) Sudan IV / Skarlatsrauður (CAS númer 85-83-6).

4. gr.

Ef vara sem um getur í 3. gr. er á markaði hér á landi við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi vörunnar leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að hún innihaldi ekki framangreind sudan litarefni. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skal varan tekin af markaði.

5. gr.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga hafa, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hver á sínum stað, eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar auglýsingar, nema annað sé ákvarðað skv. lögum eða sérreglum.

Um innflutningseftirlit fer samkvæmt III. ákvæði til bráðabirgða í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

6. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer að öðru leyti samkvæmt 30. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, með síðari breytingum sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

7. gr.

Um viðurlög fer samkvæmt 31. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

8. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. gr. sbr. 18. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995 sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum og til innleiðingar á ákvörðun 2004/92/EB.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 491/2003 um takmörkun á innflutningi á sterkum chilépipar og afurðum úr honum.

Umhverfisstofnun, 5. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

15. apríl 2004

Nr. 341

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á Sauðárkróki.

Breyting á deiliskipulagi gamla bæjarins á Sauðárkróki vegna suðurhluta Skógargötu.

Sveitarstjórn Skagafjarðar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi suðurhluta Skógargötu sunnan við Kirkjuklauf á Sauðárkróki.

Breytingin felst í breytingu lóðamarka og lóðastærða við Skógargötu og Suðurgötu. Gert er ráð fyrir að 3 hús verði rifin vegna þess hve þau þrengja að götunni og læknisfjósíð við Skógargötu. Tillagan felur í sér þá breytingu á gildandi deiliskipulagi að lóðir fyrir þrjú keðjuhús og bílageymslur ofan við Skógargötuna falla út. Gert er ráð fyrir einni byggingarlóð fyrir nýtt íbúðarhús á horni Hlíðarstígs og Skógargötu. Lóðin Suðurgata 4 verður ekki endurbyggð, þar er gert ráð fyrir bílastæðum.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Sauðárkróki, 15. apríl 2004.

Jón Örn Berndsen, skipulags- og byggingarfulltrúi Skagafjarðar.

7. apríl 2004

Nr. 342

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Skaftárhreppur annast eða býður út alla meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer meðferð úrgangs fram undir eftirliti heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Markmið með samþykkt þessari er að allur úrgangur verði flokkaður þar sem hann verður til á heimilum og hjá fyrirtækjum og stofnunum.

II. KAFLI

Hreinsun á flokkuðum úrgangi frá íbúðarhúsnæði.

2. gr.

Hverju heimili í Skaftárhreppi er skylt að flokka allan úrgang í þrjá grunnflokka; lífrænan úrgang, brennanlegan úrgang og óbrennanlegan úrgang.

Öllum íbúum skal veitt fræðsla um flokkun á úrgangi og heimajarðgerð samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Húseigendur skulu sjálfir útvega sér sorpílát og annast frágang á þeim. Sorpílát skulu vera aðgengileg fyrir sorphirðuaðila og húseigendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

3. gr.

Sorphirðuaðili annast söfnun á brennanlegum heimilisúrgangi í sorppokum og trygglega frágengnum óbrennanlegum heimilisúrgangi og lífrænum heimilisúrgangi. Ekki skal staðsetja óviðkomandi hluti nálægt sorpílátum.

4. gr.

Í sorppoka má einungis setja flokkaðan heimilisúrgang samkvæmt reglum sveitarstjórnar. Sorppokar mega ekki vera þyngri en svo að auðvelt sé að meðhöndla þá og ekki sé hætt á að þeir rifni. Gæta skal þess að fylla ekki sorppoka meira en svo að auðvelt sé að loka þeim. Sorpsöfnunaraðila er heimilt að skilja eftir poka sem fylltir eru um of, eru rifnir eða eru svo þungir að hætt sé á að þeir rifni í flutningi.

Glerbrot og aðrir oddhvassir hlutir skulu settir með óbrennanlegum úrgangi og skal þeim pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt.

Öll spilliefni skulu flokkuð frá og þeim komið í Spilliefnamóttöku Skaftárhrepps á auglýstum afgreiðslutímum, eða í samráði við umsjónarmann spilliefnamóttöku.

5. gr.

Í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri fer sorpsöfnun fram að jafnaði aðra hverja viku eða samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Í dreifbýli Skaftárhrepps fer sorpsöfnun fram að jafnaði einu sinni til tvisvar í mánuði eða samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

6. gr.

Skaftárhreppur er aðili að byggðasamlaginu Hulu ásamt Mýrdalshreppi og Rangárþingi eystra. Hulu bs. sér um eða býður út rekstur á löggiltum urðunarstað á Skógasandi. Stjórn Hulu bs. ákveður og auglýsir afgreiðslutíma urðunarstaðarins.

Skaftárhreppur annast eða býður út rekstur á takmörkuðum urðunarstað á Stjórnsandi fyrir ösku, sláturúrgang, seyru, byggingarúrgang og fleira.

Skaftárhreppur annast eða býður út rekstur á móttökustað fyrir flokkaðan úrgang sem fellur utan almennrar sorpsöfnunar, s.s. brotjárn og fleira.

Urðunar- og móttökustaðurinn skal vera opin á auglýstum tíma, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar eða í samráði við umsjónaraðila. Þeir sem losa flokkaðan úrgang á móttökustað, eða brotjárn, skulu annast flutning á eigin kostnað.

III. KAFLI

Hreinsun á flokkuðum úrgangi vegna atvinnustarfsemi.

7. gr.

Aðilum sem hafa með höndum hvers konar atvinnustarfsemi er skylt að flokka úrgang samkvæmt samþykktum Skaftárhrepps og ber sjálfum að annast og kosta sorpsöfnun vegna starfseminnar.

Aðilar sem hafa með höndum starfsemi, utan þéttbýlis á Kirkjubæjarklaustri, geta nýtt sér sorpsöfnun sem um getur í 5. gr. þessarar samþykktar og bera jafnframt kostnað vegna þess samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar.

Allur flutningur á vegum einstaklinga með rekstur og fyrirtækja á urðunar- og móttökustað Skaftárhrepps skal framkvæmdur samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Skaftárhrepps á auglýstum afgreiðslutíma eða í samráði við umsjónarmann. Tekið er á móti brennanlegum úrgangi frá einstaklingum með rekstur og fyrirtækjum í sorporkustöð á Kirkjubæjarklaustri en óbrennanlegum úrgangi, þ.m.t. lífrænum, á urðunarstað á Stjórnarsandi. Gámavöllur er ætlaður undir úrgang frá heimilum og frístundahúsum og er óheimilt að losa rekstrarúrgang í gáma á vegum Skaftárhrepps.

Aðilar sem hafa með höndum atvinnustarfsemi skulu sjá sér fyrir viðeigandi búnaði sem hentar til grunnflokkanar á úrgangi samkvæmt samþykktum Skaftárhrepps. Hafa skal samráð við sorpsöfnunaraðila um gerð búnaðar vegna flokkunar og sorpsöfnunar.

Öll spilliefni skulu flokkuð frá öðrum úrgangi og þeim komið í Spilliefnamóttöku Skaftárhrepps á auglýstum afgreiðslutíma eða í samráði við umsjónarmann.

Ferðapjónustuaðilar eða önnur fyrirtæki sem eru með starfsemi á afréttum eða hálendi Skaftárhrepps skulu sjá svo um að úrgangur sé flokkaður í grunnflokka samkvæmt samþykktum Skaftárhrepps og einnig sjá um flutning til byggða á móttökustað á eigin kostnað. Seyra úr rothróum skal með sama hætti einnig flutt til urðunar á viðurkenndum urðunarstað á Stjórnarsandi.

IV. KAFLI

Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs, kvartanir og brot gegn samþykkt þessari.

8. gr.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Þá er sveitarstjórn heimilt að innheimta sorphirðugjald fyrir alla meðferð úrgangs og tengda starfsemi í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laganna. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Heimilt er að ákveða gjaldið sem fast gjald á hverja fasteignareiningu miðað við fjölda sorpílata, þjónustustig eða við magn þess brennanlega úrgangs sem til fellur frá hverju heimili. Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðal raunkostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei vera hærri en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Gjöld skulu lögð á með fasteignargjöldum og innheimt með þeim. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

9. gr.

Hafi húseigandi fram að færa kvörtun vegna meðhöndlunar úrgangs skal hann koma slíkra kvörtun skriflega til sveitarstjóra eða heilbrigðisnefndar Suðurlands.

10. gr.

Brjóti húseigandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu úrgangs skal sorphreinsunaraðili tilkynna það til skrifstofu Skaftárhrepps, sem skora skal á húseigandann að bæta ráð sitt. Bæti húseigandi ekki úr innan ákveðins tíma er sorphreinsunaraðili ekki skyldugur að taka úrgang hjá viðkomandi fyrr en úr hefur verið bætt. Sé um ítrekað brot að ræða skal skrifstofa Skaftárhrepps tilkynna það heilbrigðisnefnd Suðurlands, sem gera skal viðeigandi ráðstafanir.

11. gr.

Sorphreinsunaraðila ber að haga störfum sínum á þann hátt að það valdi húseigendum sem minnstum óþægindum og er honum algerlega óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða nokkuð úr þeim muni.

12. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála og í samræmi við lög nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, og lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

V. KAFLI

Staðfesting og gildistaka.

13. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 7. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ**um viðarumbúðir vara við útflutning.**

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að þær viðarumbúðir sem notaðar eru við útflutning á vörum frá Íslandi uppfylli kröfur innflutningslands.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi nær yfir viðarumbúðir s.s. vörubretti, trékassa og annan trjávið sem notaður er til að bera, styðja við eða verja vörur í flutningi þeirra á áfangastað. Undanskildar eru umbúðir sem að öllu leyti eru unnar úr trjáviði sem mótaður er með límingu, hitun og pressun s.s. krossviður, spónaplötur, spónn o.fl. Einnig eru undanskildar viðarafurðir eins og sag, tréhálmur, hefilsþæmir og kurl undir 6 mm á þykkt.

3. gr.

Vottun fyrirtækja.

Fyrirtæki sem óska eftir að hljóta vottun til framleiðslu eða meðhöndlunar á viðarumbúðum til útflutnings skulu sækja um það til plöntueftirlits Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Í umsókninni skal koma fram hvort fyrirtækið hyggist sjálft meðhöndla umbúðirnar á þann hátt sem krafist er, skv. 4. gr. eða framleiða umbúðirnar úr trjáviði sem meðhöndlaður hefur verið á viðurkenndan hátt. Í umsókninni skal lýsa aðstöðu fyrirtækisins til hitameðhöndlunar, afkastagetu og hvernig tryggja megi skýra aðgreiningu á meðhöndluðum og ómeðhöndluðum umbúðum.

Tilgreina skal einn ábyrgðarmann innan hvers fyrirtækis sem tryggja skal að farið sé eftir ákvæðum reglugerðarinnar. Sé farið fram á það skal umsækjandi geta framvísað sönnun þess að umrædd meðhöndlun hafi átt sér stað s.s. með útprentun á hitasíríta, vottorði frá erlendum plöntueftirlitsaðila og vörureikningum eða viðurkenndri merkingu á trjávöru.

Vottun er veitt til eins til þriggja ára í senn.

4. gr.

Viðurkennd meðhöndlun.

Einungis er heimilt að nota trjávið án barkar í umbúðir til útflutnings. Hita þarf umbúðirnar eða þann við er nota á til framleiðslu þeirra þannig að hitinn í innsta kjarna nái að lágmarki 56°C og haldist þannig í minnst 30 mínútur.


Varðandi innfluttan við sem nota á í umbúðir er auk hitameðhöndlunar einnig hægt að viðurkenna svælingu með metylbrómíði í þeim löndum þar sem það er leyft ef það er gert í samræmi við þær leiðbeiningar sem lýst er í viðauka I við hinn alþjóðlega staðal ISPM nr. 15, sbr. 8. gr. Einnig er hægt að viðurkenna aðrar aðferðir sé það staðfest af plöntueftirliti innflutningslandsins að sú aðferð sé fullnægjandi.

Séu bretti eða aðrar viðarumbúðir, sem meðhöndlaðar hafa verið í samræmi við 1. og 2. mgr., lagfærðar með því að bæta inn nýjum ómeðhöndluðum viðarhlutum skal meðhöndla allar umbúðirnar á ný og merkja.

5. gr.

Merking

Viðarumbúðir sem hlotið hafa þá meðferð sem tilgreind er í 4. gr., skulu merktar með eftirfarandi merki:



Táknið vinstra megin í merkinu er tákn hins alþjóðlega sáttmála um plöntuvernd IPPC: „International Plant Protection Convention“.

IS-00: Tveggja stafa ISO tákn fyrir Ísland ásamt útteildu númeri hins vottaða fyrirtækis.

HT: Hitameðhöndlun („Heat Treatment“) í 56°C í kjarna viðar í 30 mínútur.

DB: Barkarfrítt („Debarked“).

Önnur tákn í neðri línu merkisins gætu verið: KD: Ofnþurrkað („Kiln Dried“) eða MB: metýlbrómíð-meðhöndlað.

Merkið skal setja á tvær gagnstæðar hliðar umbúðanna með brennimerki, stimplun, málun eða sprautun. Nota skal vatnshelda málningu í öðrum litum en rauðum og rauðgulum. Merkið skal vera vel læsilegt.

6. gr.

Eftirlit.

Plöntueftirlit Rannsóknastofnunar landbúnaðarins hefur eftirlit með að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt. Fyrirtæki sem vottun hafa hlotið skulu framvísa til plöntueftirlitsins upplýsingum um viðskipti með viðarumbúðir eða trjávöru til framleiðslu þeirra sé þess óskað ásamt upplýsingum um hitameðhöndlun.

Skýlt er að tilkynna plöntueftirlitinu verði breytingar á aðstöðu fyrirtækisins og möguleikum til að meðhöndla umbúðirnar á fullnægjandi hátt.

Einungis þeim sem hlotið hafa vottun plöntueftirlits Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins, sbr. 3. gr. er heimilt að merkja viðarumbúðir sínar í samræmi við ákvæði 5. gr.

7. gr.

Afturköllun vottunar.

Plöntueftirlitið getur afturkallað vottun sé ekki farið að reglum um hitameðhöndlun og merkingar og þess eigi gætt að vel sé aðgreint milli meðhöndlaðra og ómeðhöndlaðra umbúða. Slíkri ákvörðun má skjóta til úrskurðar landbúnaðarráðuneytisins.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. og 3. greinar laga nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum. Stuðst er við hinn alþjóðlega plöntuverndarstaðal ISPM nr. 15 er gefinn var út á vegum FAO í mars árið 2002, „Guidelines for regulating wood packaging material in international trade“.

Reglugerðin tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. apríl 2004.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.

Stjórnartíðindi

B 48-50

Nr. 321-343

2004

Efnisyfirlit B 48–50 2004

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
321	23. mars	Reglur um eftirlaunasjóð maka flutningsskyldra starfsmanna utanríkisþjónustu Íslands	821-822
322	7. apríl	Auglýsing um deiliskipulag á Reykjanesi	823
323	18. mars	Gjaldskrá fyrir sérstakt búfjárefirlit í Grýtubakkahreppi	823
324	18. mars	Auglýsing um breytingu á fjallskilasamþykkt fyrir Austur-Barðastrandarsýslu, nr. 301/1992	824
325	14. apríl	Auglýsing um breytingar á skipulagi í Garðabæ vegna grunnskóla við Arnarnesvog	825
326	25. mars	Reglugerð um hafnamál	826-838
327	31. mars	Gjaldskrá fyrir framkvæmda- og byggingarleyfi Norður-Héraði	838-840
328	1. apríl	Auglýsing um deiliskipulag á Austur-Héraði	840
329	6. apríl	Reglugerð um löggildingu raforkumæla	841-844
330	2. apríl	Auglýsing um útvarpsgjald	844
331	2. feb.	Gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Vesturlandssvæðis	845-848
332	6. apríl	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559 5. júlí 2001, með áorðnum breytingum	848
333	30. mars	Gjaldskrá fyrir hundahald á Akranesi	849
334	7. apríl	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 331/2000, um vörugjald af ökutækjum, með síðari breytingum	849
335	30. mars	Gjaldskrá fyrir stofngjald fráveitu og fráveitugjald í Borgarfjarðarsveit	850
336	2. apríl	Auglýsing um deiliskipulag í Hraungerðishreppi	851
337	26. mars	Gjaldskrá fyrir almenna sorphirðu og förgun úrgangs frá fyrirtækjum í Hörgárbyggð	851
338	2. apríl	Samþykkt varðandi umgengni um lóðir og lendur í Kjósarhreppi	852
339	30. mars	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559/2001, með áorðnum breytingum	853
340	5. apríl	Auglýsing um takmörkun á innflutningi á sterkum chlépipar og afurðum úr honum	854-855
341	15. apríl	Auglýsing um deiliskipulagsbreytingu á Sauðárkróki	855
342	7. apríl	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skaftárhreppi	855-858
343	6. apríl	Reglugerð um viðarumbúðir vara við útflutning	858-860

